

15. gr.

Við útreikning á takmörkun á rétti til framsals skv. 2. mgr. 13. gr. og lækkun aflamarks loðnuskípa skv. 14. gr., skal miða við þorskígildi skv. leyfisbréfi til botnfiskveiða. Þegar þorskígildi er reiknað skal miðað við eftirfarandi verðmætishlutföll: þorskur 1.00. ýsa 1.00. ufsi 0.45. karfi 0.50. grálúða 0.58.

16. gr.

Ráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar.

17. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 97, 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986—1987. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 97, 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986—1987, til þess að öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1986 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. desember 1985.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um umferð í Keflavík.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Keflavíkur og skv. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Keflavík:

Stöðvunarskylda skv. 4. mgr. 48. gr. umfl. í stað biðskyldu nú, verður á Vesturgötu beggja vegna Hringbrautar.

Eyjavellir njóta aðalbrautaréttar gagnvart Norðurvöllum (biðskylda).

Iðavellir njóta aðalbrautaréttar gagnvart Aðalgötu (biðskylda).

Aðalgata nýtur aðalbrautaréttar gagnvart Heiðarbrún og Fagragarði (biðskylda).

Heiðarbraut nýtur aðalbrautaréttar gagnvart Heiðarhvammi, Heiðarbakka og Heiðarholti að austan (biðskylda).

Biðskylda í stað stöðvunarskyldu nú verður á hægri beygju af Skólavegi vestanverðum suður Hringbraut.

Bífreiðastöður eru bannaðar á sunnanverðri Faxabraut frá Hringbraut að Sunnubraut.

Reglur þessar taka gildi 1. janúar 1986.

Lögreglustjórinn í Keflavík, 11. desember 1985.

Guðmundur Kristjánsson,

e.u.